

Gildi – fjölskylduverkefni

Gildin geta verið allskonar og flokkarnir hér að neðan eru þau svið sem algengt er að gildi fólks snúist um. Leggið allar hindranir til hliðar, opnið hugann og ræðið. Hvað finnst ykkur sem fjölskyldu mikilvægt á hverju sviði? Það getur hjálpað að ræða spurningar hvers sviðs og punkta niður svör hér á blaðið. Þegar þið hafið rætt og svarað öllu sem ykkur dettur í hug, skuluð þið skoða svörin ykkar, ræða og sjá hvort þið getið fundið u.þ.b. eitt orð fyrir hvert svið sem lýsir og stendur fyrir svörin ykkar. Það gætu verið orðin sem eru gildin ykkar.



Samvera

Hvað finnst ykkur í fjölskyldunni gott að njóta samveru?



Samskipti

Hvernig samskipti viljið þið hafa í fjölskyldunni? Hvað finnst ykkur vera góð samskipti?



Skemmtun

Hvað finnst ykkur gaman að gera saman? Hvað langar ykkur að prufa að gera nýtt saman? Hvernig finnst ykkur gaman að eyða frítíma saman?



Heimilið

Hvað gerir heimilið ykkar gott? Hvernig viljum við umgangast heimilið okkar? Hvernig er drauma heimilið?



Tengsl við aðra

Hvaða fólki finnst okkur gaman að umgangast? Hvernig viljum við að aðrir sjái fjölskylduna okkar?



Framtíðin

Hvernig fjölskylda verðum við eftir X mörg ár? Hvernig viljum við vera þegar foreldrar eru orðnir amma og afi og börnin orðnir foreldrar?



Hver er kennisetning fjölskyldunnar?

Gildin okkar

Taktu saman gildin sem þið funduð út úr í flokkunum hér að ofan og skrifið þau upp í röð eftir því hversu mikilvæg ykkur finnst þau vera.



Geymið þetta blað á góðum stað, t.d. á ísskápnum eða í ramma upp á vegg. Á góðum stundum getur svo verið gott að skoða blaðið aftur saman og sjá hvort þið séuð ennþá sátt við fjölskyldugildin ykkar. Er eitthvað sem ykkur finnst þið þurfa að breyta eða bæta við? Þá er mikilvægt að ræða það hvort ykkur finnst þið vera að lifa og haga ykkur í samræmi við gildin ykkar eða hvort ykkur langi til að auka áhersluna á einhver gildin. Það skapar vellíðan og eykur samstöðu að setja sér saman og lifa eftir sameiginlegum gildum.